Nr. 25.
11. júlí.

# Lög

um

## atvinnu við vjelgæzlu á íslenzkum gufuskipum.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, **Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,**

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Rjettur til að vera vjelstjóri á íslenzkum gufuskipum, sem hafa vjelar með, meira en 75 en minna en 900 ákveðin hestöfl, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini sem vjelstjóri.

2. gr.

Á íslenzkum gufuskipum, sem hafa vjelar með meira en 250 en minna en 900 ákveðin hestöfl, skal vera að minsta kosti einn yfirvjelstjóri og einn undirvjelstjóri, sem fullnægja þeim skilyrðum, er lög þessi setja. Ef vjel skipsins hefur minna en 250 ákveðin hestöfl, er nægilegt, að á þeim skipum sje einn vjelstjóri, sem fullnægir þeim skilyrðum, er lög þessi setja um yfirvjelstjóra. Auk vjelstjóra skal vera að minsta kosti einn kyndari á skipi hverju. Ekkert íslenzkt gufuskip má afgreiða frá nokkurri höfn á Íslandi til siglinga utan lands eða innan, nema á því sje það vjelalið, sem segir í grein þessari.

3. gr.

Sá, sem öðlast vill skírteini sem undirvjelstjóri á íslenzku gufuskipi, skal sanna:

a. Að hann hafi nægilega bóklega þekking á bygging og starfsemi gufuvjela, eftir kröfum þeim, sem gerðar verða af stjórnarráðinu; kunnátta þessi skal sönnuð með sjerstöku prófi við Stýrimannaskólann í Reykjavík.

b. Að hann hafi stundað járnsmíði í 3 ár á einhverju því verkstæði hjer á landi, sem stjórnarráðið mælir með fyrir slíka iðnnema, og hafi fengið vottorð frá meistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi.

c. Að hann hafi verið kyndari á gufuskipi í 12 mánuði og hafi meðmæli vjelstjóra þess eða þeirra, sem hann hefur verið kyndari hjá, fyrir dugnað, reglusemi og þekking á hirðing gufuvjela.

d. Að hann hafi ekki verið dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

Ennfremur á maður, sem hefur minst tveggja ára tíma stjórnað á eigin ábyrgð gufuvjel á landi með meira en 25 ákveðnum hestöflum, heimting á, að fá skírteini sem

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 25.
11. Juli.

om

## Maskinbetjeningen i islandske Skibe.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Ret til at fare som Maskinmester i islandske Dampskibe med Maskiner af over 75 indtil 900 Hestes Kraft indiceret er betinget af, at vedkommende har erhvervet Bevis som Maskinmester.

§ 2.

I islandske Dampskibe med Maskiner af over 250 indtil 900 Hestes Kraft indiceret skal der mindst være 1 Overmaskinmester og 1 Undermaskinmester, der opfylde de i denne Lov fastsatte Betingelser. Er Skibets Maskine af under 250 Hestes Kraft indiceret, er det tilstrækkeligt, at der i Skibet er en Maskinmester, der opfylder de til Overmaskinmestre i denne Lov stillede Betingelser. Foruden Maskinmesteren skal der være mindst en Fyrbøder paa hvert Skib. Intet islandsk Dampskib maa udklareres fra nogen Havn i Island til indenlandsk eller udenlandsk Fart, uden at det har et Maskinpersonale i Overensstemmelse med nærværende Paragraf.

§ 3.

Til Erhvervelse af Bevis som Undermaskinmester i islandsk Dampskib udkræves, at vedkommende godtgør:

a) At han har tilstrækkeligt teoretisk Kendskab til Dampmaskiners Indretning og Funktion, i Overensstemmelse med de af Ministeriet stillede Fordringer; disse Kundskaber skal godtgøres ved en særlig Prøve ved Navigationsskolen i Reykjavik.

b) At han har været beskæftiget med Smedearbejde i 3 Aar i et af de Værksteder her i Landet, der af Ministeriet anbefales for saadanne Haandværkselever, og har erholdt Attest fra sin Mester om sine Kundskaber, Dygtighed og god Opførsel.

c) At han har gjort Tjeneste som Fyrbøder i et Dampskib i 12 Maaneder samt har Anbefaling fra den eller de Maskinmestre, som han har arbejdet under, for Dygtighed, Orden og Kendskab til Pasning af Dampmaskiner.

d) At han ikke er bleven dømt til Strafarbejde for en i den offentlige Mening vanærende Handling.

Endvidere har den, som i mindst 2 Aar paa eget Ansvar har passet en Dampmaskine paa Landjorden af over 25 Hestes Kraft indiceret, Krav paa at erholde Bevis

Nr. 25. 11. júlí. undirvjelstjóri, ef hann hefur int af hendi það bóklega próf, sem um getur undir staflið a, og hefur vottorð frá 2 vjelmeisturum, sem stjórnarráðið tekur gilda, um að hann sje fær um að vera undirvjelstjóri á gufuskipi.

4. gr.

Sá, sem öðlast vill skírteini sem yfirvjelstjóri á íslenzku gufuskipi, skal sanna, auk þess sem mælt er fyrir í 3. gr.:

a, að hann hafi verið undirvjelstjóri í 2 ár og hafi meðmæli frá yfirvjelstjóra þeim eða yfirvjelstjórum, sem hann hefur unnið með, um að hann hafi næga þekking á meðferð og hirðing gufuvjela og sje reglusamur.

b. að hann sje fullra 25 ára gamall.

5. gr.

Skylt er öllum vjelstjórum á íslenzkum gufuskipum að láta af hendi vottorð þau um þekking o. fl., sem um getur í 3. og 4. grein, fyrir þann tíma, sem hlutaðeigandi hefur unnið undir umsjón þeirra. Skal vottorðum þessum fylgja drengskaparyfirlýsing vjelstjóra um að þau sje gefin eftir beztu vitund og hlutdrægnislaust.

6. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 3, og 4. grein, eiga heimting á að fá skírteini þau, sem þar um getur. Svo skulu og þeir Íslendingar, sem eru og hafa verið 1. og 2. vjelstjóri á íslenzkum gufuskipum, er lög þessi öðlast gildi, eiga heimting á að fá skírteini þau, sem um getur í 3. og 4. gr. laga þessara, þótt þeir fullnægi eigi að öllu skilyrðum þeim, sem sett eru í nefndum greinum; þeir, sem eru undirvjelstjórar, skulu þó því að eins eiga heimting á undirvjelstjóraskírteinum, að þeir leggi fram vottorð frá vjelstjórum sínum um, að þeir sjeu færir um að hafa á hendi vjelgæzlu sem undirvjelstjórar. Skírteini þau, sem hjer ræðir um, skal rita eftir fyrirmynd, er stjórnarráð Íslands lætur búa til í samræmi við lög þessi. Skírteinið skal gefið út af lögreglustjóra á þeim stað, sem umsækjandi er heimilisfastur, og gildir um ótakmarkaðan tíma frá dagsetning þess, nema skírteinishafi brjóti það af sjer, sbr. 8. gr.

Meðan vöntun er á íslenzkum vjelstjórum er stjórnarráðinu heimilt að veita þeim mönnum skírteini þau, sem um ræðir í þessari gr., er fengið hafa vjelstjóraskírteini í öðrum löndum samkv. þar gildandi lögum.

7. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, og skal hann þá leggja málið undir úrskurð stjórnarráðsins. Við það skerðist þó eigi rjettur hans til að leita dómsákvæðis í málinu.

8. gr.

Nú verður maður dæmdur í hegningarvinnu fyrir eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefur hann þá fyrirgert skírteini sínu sem vjelstjóri.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 krónum; ef brotið er ítrekað, geta sektirnar hækkað upp í 500 kr. Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal fara með málin sem almenn lögreglumál.

som Undermaskinmester, hvis han har aflagt den under Litra a omhandlede Prøve samt har Attest fra 2 af Ministeriet anerkendte Maskinmestre om, at han er kvalificeret til at være Undermaskinmester i et Dampskib. 

§ 4.

Til Erhvervelse af Bevis som Overmaskinmester i islandsk Dampskib udkræves, at vedkommende godtgør, foruden det i § 3 foreskrevne:

a) At han har været Undermaskinmester i 2 Aar samt har Anbefaling fra den eller de Overmaskinmestre, som han har arbejdet under, om at han har tilstrækkelig Kendskab til Behandling og Pasning af Dampmaskiner samt for god Orden.

b) At han har fyldt 25 Aar.

§ 5.

Alle Maskinmestre paa islandske Dampskibe er pligtige til at meddele de i §§ 3 og 4 omhandlede Attester om Kundskaber m. m., for det Tidsrum, hvori vedkommende har arbejdet under dem. Disse Attester skal ledsages af Maskinmestrenes Erklæring paa Tro og Love om, at de er udstedte upartisk og efter bedste Vidende.

§ 6.

Den, som opfylder de i §§ 3 og 4 fastsatte Betingelser, har Krav paa at erholde det der omhandlede Bevis. Endvidere skal den Islænder, som ved denne Lovs Ikrafttræden er og har været 1ste og 2den Maskinmester i islandsk Dampskib, have Krav paa at erholde de i denne Lovs §§ 3 og 4 omhandlede Beviser, selv om han ikke fuldtud opfylder de i nævnte Paragraffer stillede Betingelser. 2den Maskinmestre skal dog kun have Krav paa at erholde Bevis som Undermaskinmestre, for saa vidt de fremlægger Attest fra deres Maskinmester om, at de er kvalificerede til at varetage Maskinbetjening som Undermaskinmestre. De her omhandlede Beviser udstedes efter en af Islands Ministerium i Henhold til denne Lov foreskreven Formular af Politimesteren paa det Sted, hvor Ansøgeren er hjemmehørende, og gælder paa en ubegrænset Tid fra Dateringen, medmindre de forbrydes af Indehaveren, jfr. § 8.

Saa længe der er Mangel paa islandske Maskinmestre, kan Ministeriet meddele de i denne Paragraf omhandlede Beviser til Personer, som i andre Lande har erholdt Maskinmesterbevis efter der gældende Love.

§ 7.

Den, der ikke vil lade det bero ved en af Politimesteren med Hensyn til Bevisernes Udstedelse tagen Beslutning, skal indanke Sagen til Ministeriets Afgørelse. Derved indskrænkes dog ikke hans Adgang til at faa Spørgsmaalet afgjort af Domstolene.

§ 8.

Bevis som Maskinmester forbrydes naar vedkommende bliver dømt til Strafarbejde for en i den offentlige Mening vanærende Handling.

§ 9.

Overtrædelser af denne Lov straffes med Bøder af indtil 200 Kr., der i Gentagelsestilfælde kan stige til 500 Kr. Overtrædelserne paatales af det offentlige, og Sagerne behandles efter de for offentlige Politisager gældende Regler.

Nr. 25.
11. júlí.

10. gr.

Ákvæði um það, hvernig vjelkenslunni við Stýrimannaskólann skuli háttað, svo og um próf og prófskilyrði, skal setja í reglugerð, er stjórnarráðið setur um þau atriði.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 11. júlí 1911.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Kristján Jónsson.***

§ 10.



Bestemmelserne om, hvorledes Maskinistundervisningen ved Navigationsskolen skal ordnes, samt om Prøverne og Fordringerne til disse, fastsættes i et af Ministeriet udstedt Reglement.

§ 11.

Denne Lov træder i Kraft den 1. Januar 1912.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 11. Juli 1911.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Kristján Jónsson.***

---

**Islands Ministerium, den 11. Juli 1911.**

***Kristján Jónsson.***

*Jon Krabbe.*